



Einingar til stúdentsprófs

Stúdentsprófið er 200 einingar.

- Áfangar á fyrsta hæfnisprepi skulu vera á bilinu 17-33% af 200 einingum.
- Áfangar á öðru hæfnisprepi skulu vera á bilinu 33-50% af 200 einingum.
- Áfangar á þriðja hæfnisprepi skulu vera á bilinu 17-33% af 200 einingum.

Ef nemandi er með umfram einingar á fyrsta hæfnisprepi miðað við fyrrgreind bil/spannir teljast þær einingar ekki sem hluti af 200 einingum til stúdentsprófs. Þær koma hinsvegar fram á stúdentsskírteini og eru hluti eininga sem nemandi lýkur við skólann.

Námsmat og einkunnir

Í lok hverrar annar er gefin lokaeinkunn fyrir hvern áfanga. Þessi einkunn byggir á verkefnum, prófum og öðru námsmati sem lokið hefur verið á önninni, í samræmi við námsáætlun.

Nemandi telst ekki hafa lokið áfanganum fyrr en hann hefur skilað öllum þeim verkefnum og prófum sem til einkunnar eru talin. Nemendur fá upplýsingar um námsmat í einstökum áföngum við upphaf annar.

Námsmat í einstökum áföngum getur verið með tvennum hætti:

- Símat og ekkert lokapróf,
- Formlegt lokapróf ásamt símati.

Nemanda ber að kynna sér tilhögun námsmats vandlega svo og þau viðurlög sem sett eru, skili hann ekki verkefnum á tilsettum tíma.

Lokaeinkunn í áfanga er gefin í heilum tölum frá 1 - 10.

Einkunnin 10 vísar til þess að 95 - 100% markmiða var náð

Einkunnin 9 vísar til þess að 85 - 94% markmiða var náð

Einkunnin 8 vísar til þess að 75 - 84% markmiða var náð

Einkunnin 7 vísar til þess að 65 - 74% markmiða var náð

Einkunnin 6 vísar til þess að 55 - 64% markmiða var náð

Einkunnin 5 vísar til þess að 45 - 54% markmiða var náð

Einkunnin 4 vísar til þess að 35 - 44% markmiða var náð

Einkunnin 3 vísar til þess að 25 - 34% markmiða var náð

Einkunnin 2 vísar til þess að 15 - 24% markmiða var náð

Einkunnin 1 vísar til þess að 0 - 14% markmiða var náð

Til að standast áfanga þarf nemandi að fá einkunnina 5 hið lægsta. Í einstaka tilvikum er ekki gefin einkunn frá 1-10, heldur sem lokið (L) eða ólokið (Ó). Á stúdentsprófsskírteini er birt vegið meðaltal allra einkunna nemandans á námsferlinum.

Ef lokapróf gildir **50% eða meira af lokaeinkunn** áfanga **geta** kennarar sett þá reglu í námsmatið að nemandur verði að ná lágmarkseinkunninni 4,50 á lokaprófinu til þess að aðrir námsþættir gildi til einkunnar.



Nemendur sem hafa fullnægt kröfum um lágmarkseinkunn og hafa staðist reglur um skólasókn, eru sjálfkrafa skráðir í skólann næsta skólaár. Þeir þurfa þó að leggja fram umsókn um dvöl á heimavist með óskum sínum um herbergi/herbergisfélag.

Nemandi má **einu sinni** á námsferlinum fara upp um bekk með fall í einum bundnum áfanga. Hann verður þó alltaf að hafa farið í endurtekt í áfanganum. Auk þess er leyfilegt að falla í einum bundnum áfanga (á braut viðkomandi) á útskriftarskólaári og útskrifast með það fall svo fremi að einingafjöldi innan viðeigandi hæfniprepa sé nægjanlegur og í heild að lágmarki 200 ein. Ef slíkt fall kemur hinsvegar í veg fyrir útskrift skal nemandinn fara í endurtekt. Útskriftarnemandi má útskrifast með fall í tveimur bundnum áföngum á lokaári (að hámarki samanlagt 10 einingar) **ef** hann hefur ekki tekið með sér fall áður á milli bekkja. Gildir það sama og ofan greinir um skilyrði um fjölda eininga á viðeigandi hæfnisprepi.

UM FORMLEGT LOKANÁMSMAT

Áfangastjóri gerir tillögu að námsmatstöflu og yfirsetutöflu vegna formlegra lokaprófa og annars lokanámsmats eigi síðar en fimm vikum fyrir upphaf námsmatstíma. Kennurum gefst þá tækifæri til að gera athugasemdir. Skipulag námsmatstíma er birt nemendum eigi síðar en fjórum vikum fyrir upphaf námsmatstíma.

UPPVINNINGSGREGLA

Svokölluð uppvinningsregla gildir í öllum áföngum sem eiga sér eftirfara, þ.e. ef nemandi fellur í áfanga á haustönn getur hann fengið áfangann metinn ef hann hækkar sig það mikið í sömu grein á vorönn að hann nái að meðaltali 5 í greininni.

FJARVERA Á NÁMSMATSTÍMA

Nemandi sem mætir ekki í námsmat áfanga á námsmatstíma og er ekki með lögbundin forföll fær ekki lokaeinkunn í áfanganum. Ef sá áfangi er bundinn áfangi á braut nemandans hefur hann fyrirgert áframhaldandi námi sínu í skólanum.

Nemandi sem er veikur á námsmatstíma þarf að skila inn vottorði frá lækni vegna þess innan viku frá upphafi veikinda. Leyfi til fjarveru er ekki veitt á námsmatstíma s.s. vegna ferða til útlanda.

Í tilvikum langtímaveikinda eða afleiðinga slyss getur verið um aðrar tímasetningar að ræða á lokanámsmati vegna nemanda.

ENDURTEKTIR

Fyrirkomulag endurtekta

Endurtektir fara fram tvisvar á ári: í byrjun janúar og í lok skólaárs eftir að reglulegu vorannarnámsmati lýkur. Námsmatstafla vegna endurtekta er ekki birt fyrr en reglulegu námsmati er lokið og fyrir liggur hverjir eiga rétt til endurtektar.



Nemendur sem eiga rétt á að fara í endurtekt eru sjálfkrafa skráðir í hana. Nemandi sem ekki kemur til endurtektar telst vera hættur í skólanum.

1. Endurtekt í janúar

Nemandi sem hefur hlotið einkunn undir 5,0 í fjórum eða fleiri bundnum áföngum EÐA fleiri en 17 einingum við lok haustannar, hefur ekki heimild til að hefja nám á vorönn.

Skólinn ákveður í hvaða áföngum er boðið upp á endurtekt í janúar, en að jafnaði eru það:

1. Áfangar í greinum sem kenndar eru allan veturinn og þar sem haustannaráfanginn er ekki skilgreindur sem undanfari vorannaráfangans. Skilgreining á slíku er í höndum fagstjóra í viðkomandi grein og skal hún koma fram í námsáætlun/námslýsingu.
2. Stakir áfangar.
3. Lokaáfangar og er þá ekki boðið upp á endurtekt í þeim áföngum aftur að vori.

Þessar endurtektir eru hluti af heildarendurtektarmöguleikum (samtals þrjú) nemanda á skólaárinu.

2. Endurtekt í lok vorannar

Nemandi sem hefur hlotið lokaeinkunn undir lágmarki í þrem áföngum (haust og vor) hefur heimild til að þreyta endurtekt í þeim.

Nemandi sem fellur í fjórum áföngum, á skólaárinu, telst vera fallinn á bekknum og hefur ekki heimild til að fara í endurtekt. Sumarnám eftir fall dugar ekki til að komast undan falli um bekk.

Þurfi nemandi að endurtaka námsmat í þrem áföngum og fellur í tveim, eða öllum endurtektunum, telst hann fallinn á bekk svo fremi sem fallelningar eru fleiri en 5 einingar. Falli hann í einum áfanganum getur hann tekið hann í sumarnámi eða sem utanskólanemandi í næsta bekk.

Þegar um þetta er að ræða þarf að sækja um skólavist í síðasta lagi 15. júní, en endanlegt svar er ekki veitt fyrr en einkunn hefur verið skilað. Skólasókn getur haft áhrif á hvort nemandi er tekinn inn að nýju. Ákvörðun um sumarnám skal tekin í samráði við námsráðgjafa.

Mismunandi reglur gilda í áföngum um hvort endurtektin gildir 100% eða hvort símat gildir áfram. Í flestum áföngum gildir símatið einnig í endurtekt. Nemandi ber að kynna sér sjálfur þessar reglur hjá viðkomandi kennara. Nemendur þera sjálfir ábyrgð á að gera sér grein fyrir stöðu sinni að vori hvað varðar endurtekt og skilyrði til að flytjast upp á milli bekkja.

Um endurtekt og verkefnaskil í símatsáföngum

Um rétt til endurtektar í símatsáföngum gildir það sama og um aðra áfanga.

Kennari ákveður, í samráði við fagstjóra, í hverju endurtektin er fólgin. Um getur verið að ræða allt frá því að vinna tiltekin verkefni aftur, upp í að taka 100% próf úr áfanganum, eða hæfilega blöndu prófs og verkefnavinnu.



Kennurum er heimilt að setja sérstakar reglur um lágmarksskilaskyldu verkefna í símatsáföngum, þ.e. að skili nemandi ekki ákveðnu hlutfalli af verkefnum áfangans getur það þýtt að nemandinn falli í áfanganum.

Fall í áfanga á útskriftarári

Útskriftarnemi getur útskrifast með tvö föll (á bundnum áföngum skv. brautalýsingu) í námsferli sínum og þá að hámarki samanlagt 10 einingar, ef hann hefur einingar á móti. Annar falláfanginn má vera falláfangi sem hann tók með sér á milli bekkja.

Greiðsla vegna endurtektar

Áður en endurtekt fer fram skal greiða endurtektargjald skv. gjaldskrá skólans hjá gjaldkera.